



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Sveins Björnssonar  
1. janúar 1949

Á árinu, sem nú er að byrja, rennur út kjörtímabil mitt sem forseti Íslands. Þá eru liðin 8 ár síðan ég var fyrst kosinn ríkisstjóri og 5 ár síðan ég var fyrst kosinn forseti.

Það gæti verið freistandi að minnast nú eitthvað á störf mín þessi 8 ár undanfarin. Ég vil ekki þreyta hlustendur á því. En þó vil ég minnast lítilsháttar á sumt, sem kemur í huga minn er ég lít yfir þessi ár.

Er ég tók við ríkisstjórástarfinu 17. júní 1941 lýsti ég m.a. þeirri ósk minni, að einhugur mætti ríkja með þjóðinni um lausn þeirra vandamála, sem þá voru framundan. Ennfremur, að menn á þeim alvrotímum, sem þá voru og stöðjuðu að, létu eigi hugsunina um eigin hagsmuni eða fallvaltan stundarhagnað sitja í fyrirúmi fyrir því, sem talið væri þurfa til lífsbjargar þjóðarheildinni.

Þau ár, sem síðan eru liðin, hafa verið óvenjulega viðburðarík fyrir íslensku þjóðina. Heimsstyrjöld geisaði, styrjöld sem vér Íslendingar drógumst inn í þrátt fyrir einlægan vilja vorn til að vera hlutlausir. Svo að segja fyrirvaralaust urðum vér að velja um varnarleysi eða hvernd stórveldis. Vér kusum hverndina. Hér sat í mörg ár erlent setulið. Í því sambandi komu upp ýmis áður óþekkt vandamál. Á tímabilinu þurfti að ráða fram úr framtíðarstjórnskipulagi Íslands, sem gert var með stofnun Lýðveldisins 17. júní 1944, með svo að segja einróma jákvæði allra kosningabærra manna hér á landi. Þar kom fram á ánægjulegan hátt einhugurinn er á reið. Oss ber aldrei að gleyma því, hve ómetanlegt það var íslensku þjóðinni bæði inn á við og, ekki síður, út á við að hún stóð þá sem einn maður. Íhugun þess mætti verða oss lærdómsrík á öðrum sviðum. Ef litið er á það, hvernig oss tókst að ráða fram úr þessum vandamálum, verður myndin fremur björt.

Hinsvegar hafa vonir brugðist á ýmsum öðrum sviðum. Um innanlandsmál hefir yfirleitt tekist miður að skapa þann einhug, sem ég í bjarsýni minni setti á óskaseðilinn, er ég tók við ríkisstjórástarfinu fyrir átta árum. Sumpart vegna þess, hve miður þetta tókst, höfum vér átt, og eigum enn, við mikla verðbólgu og dýrtíð að glíma, sem mikið veltur á um framtíð vora, hvernig rætist úr. Og nú, hálfu fimmta ári eftir stofnun Lýðveldisins rofar ekki enn fyrir þeirri nýju stjórnarskrá, sem vér þurftum að fá sem fyrst og almennur áhugi var um hjá þjóðinni og stjórnmalaleiðtogunum, að sett yrði sem fyrst. Í því efni búum vér því ennþá við bættu flík, sem sniðin var upprunalega fyrir annað land, með öðrum viðhorfum, fyrir heilli öld. Er Lýðveldið var stofnað var þess gætt að breyta engu öðru í stjórnarskránni en því sem óumflýjanlegt þótti vegna breytingarinnar úr konungsríki í Lýðveldi. Mikil þróun hefir orðið á síðustu öldinni með mjög breyttum viðhorfum um margt. Vonandi dregst eigi lengi úr þessu að setja nýja stjórnarskrá.

Því verður tæpast neitað að hugur flestra hefir beinst talsvert að gróða og auknum tekjum hér á landi undanfarin 8 ár, og ýmsar framkvæmdir fengið svip af því. Þess var full þörf að bæta og jafna kjör manna hér á landi. Óvæntar tekjur einstaklinga og þess opinbera sköpuðu góða aðstöðu til þessa, ef vel var á haldið. Tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt og sumt hefir borið árangur. En því fer fjarri, að þetta hafi tekist að öllu leyti eins vel og efni áttu að geta staðið til. Fjármál og efnahagsmál eru vandasöm meðferðar, ekki síst fyrir þjóð, sem hefir svo litla æfingu í meðferð slíkra mála, sem vér höfum.

Það er erlent máltæki, sem lýsir því, að mönnum hætti við því, að einblína svo á trén að þeir taki ekki eftir skóginum sjálfum. Hefir ekki hent oss eitthvað þessu líkt? Höfum vér ekki heillast svo af auknum gróða, að vér höfum einblínt um of á peninga og það, sem kaupa má fyrir peninga? Hefir einstaklingum og stéttum ekki hætt við því að leggja meiri áherslu en skyldi á aukna fjáröflun? Höfum vér ekki stundum gleymt því, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði, að til eru önnur verðmæti, sem einnig eru lífsnauðsyn? Mér finnst, að svo hafi verið.

Vér erum ekki einir um þessháttar mistök. Þau hafa líka komið fyrir hjá öðrum þjóðum. En vér megum ekki gleyma því, að margar þessara þjóða misstu mikil verðmæti á ófriðarárunum, annaðhvort fyrir beinar eyðileggingar hernaðarins, fyrir það að vinnuaflið dróst frá arðbærum framleiðslustörfum að eyðandi hernaði - eða af öðrum ástæðum. Þessar þjóðir þurfa því að leggja mikið á sig til þess að byggja upp að nýju. Vér urðum aðeins að litlu leyti fyrir slíkum missi verðmæta, samanborið við ótal margar aðrar þjóðir. Sumir hér á landi virðast af þessum ástæðum hafa tamið sér þá trú, að vér þyrftum lítið að oss að leggja, að minnsta kosti minna en margar aðrar þjóðir. Að vér hefðum sérstöðu sem væri betri en aðstaða annarra þjóða. Og, að ósanngjamt væri, að vér héldum ekki öllu því, sem meira fjármagn en vér höfðum þekkt áður hafði fært oss af umbótum um alla aðbúð manna og lífsvenjur.

Reynslan er óvæginn og hún mun sýna oss, að engin þjóð getur haft slíka sérstöðu til frambúðar. Með bættum samgöngum og margskonar aukinni tækni, hefir samlíf þjóðanna orðið allt annað og miklu nánara en áður. Þjóðirnar eru nú háðari hver annari en áður. Einni þjóð í sambylinu getur ekki vegnað vel til frambúðar, ef hinum vegnar ekki sæmilega.

Af eðlilegum ástæðum, sem ég drap á, hefir viðleitni þjóðanna til endurreisnar snúist mjög um endurreisn á fjárhagssviðinu. Af því leiðir m.a. að peningamælikvarðinn vill verða nokkuð áberandi hjá þjóðum, stéttum og einstaklingum, fleiri en oss Íslendingum.

En þess eru merki, að á þessu sé að verða nokkur breyting. Að menn séu að komast að þeirri niðurstöðu, að ef menn halda áfram að einblína á trén sjái þeir aldrei sjálfan skóginn.

Er menn lesa erlend blöð, verður ekki komist hjá því að taka eftir því að fleiri og fleiri af þeim sem um þau mál skrifa, víkja að því, að það sé ekki, og verði aldrei, einhlítt að beina öllum huga og allri orku að því einu að auka framleiðslu verðmæta með sem mestan hagnað fyrir augum, og að hugsa of mikið um að afla sér þeirra lífsþæginda, sem kaupa má fyrir peninga. Menn verði einnig að hugsa um tvennt annað:

1. Að skapa skilyrði til þess að varðveita frelsi þjóðanna fyrir ásókn utan að og varðveita þau verðmæti sem þegar eru fyrir hendi. Í því skyni hugsa þjóðirnar mikið um margskonar vígbúnað og annað öryggi hernaðarlegs eðlis.

2. Að reyna að vinna einnig að því, sem gefur lífinu verðmæti þótt ekki verði beinlínis mælt á peningamælikvarða. Og að vinna að breyttum hugsunarhætti í þessu efni.

Ég vil fara fáum orðum um þá starfsemi í þessa síðarnefndu átt, sem þegar hefir verið skipulögð og er verið að skipuleggja á vegum Sameinuðu þjóðanna. Svo að segja um leið og ófriðnum lauk, eða jafnvel fyrr, hófst þessi starfsemi. Ég hygg að blöð, útvarp og almenningur ljái þessari starfsemi minni athygli en æskilegt væri. Þriggja mánaða ársþingi Sameinuðu þjóðanna er nýlokið. Hverjar fréttir fékk allur almenningur aðallega frá þessu þingi? Það var um ágreining á *stjórnmalasviðinu*, sem erfitt reyndist að jafna; um átök milli austurs og vesturs; um óvægileg orð andstæðinga í þessum málum hvers í annars garð.

Skyldi þessu ekki hafa verið veitt meiri athygli en sumu sem gerðist á sama þingi, sem kann að verða engu síður merkilegt? Berlínardeilan, beiting neitunarvaldsins, átök um upptöku ríkja sem óskuðu að ganga í bandalagið o.s.frv. Þetta kannast víst flestir við. En hvað hefir mátt lesa mikið í blöðum um mannréttindaskrána sem samþykkt var á þessu sama þingi án mótatkvæða af 48 ríkjum? Þau samþykktu m.a. að hér eftir skuli virða það, að allir menn séu bornir jafnrétt háir; að varðveita trúfrelsi, skoðanafrelsi, ritfrelsi og fundafrelsi í öllum þessum ríkjum og vinna að því að svo verði með öllum þjóðum. Ennfremur felast í mannréttindaskránni mikilsverð atriði um félagsmál og fleira. Það er erfitt að segja það nú, hver áhrif þessi samþykkt kann að hafa í framtíðinni. En ef þess er minnst, hve geysimikil áhrif mannréttindayfirlýsing frakkneska þjóðfundarins árið 1789 hafði og hefir haft allt fram á síðustu tíma, þá sýnist það ekki óvarleg tilgáta að þessi samþykkt 48 ríkja geti haft mikil og góð áhrif á þróun mannkynsins, eigi síður en samþykkt þjóðfulltrúa eins ríkis fyrir hálfri annarri öld.

Og það er ekki þing Sameinuðu þjóðanna einu sinni eða tvisvar á ári, sem vinnur öll verkin frekar en önnur þing. Það eru sístarfandi á vegum Sameinuðu þjóðanna nefndir og stofnanir, sem vinna ómetanlegt mannúðar- og menningarstarf. Ég skal aðeins nefna nokkur dæmi: Alþjóðasamband verkamanna (sem að vísu var til áður, en fellur nú undir Sameinuðu þjóðirnar). Alþjóðasamband flóttamanna. Samband Sameinuðu þjóðanna fyrir menntun, vísindi og menningu. Alþjóðasambandið um heilbrigðismál. Alþjóðastyrktarsjóð barna. Allt hefir þetta á stuttum tíma unnið víðtækt og mikilsvert starf til aukinnar menningar og mannúðar í heiminum, og á sjálfsagt enn meira óunnið ef nýr ófriður truflar ekki störfin - og jafnvel þótt það böl hendi mannkynið ennþá einu sinni, að heimsstyrjöld skelli á. Þetta ætti og að verða til þess að auka samúð og vináttu milli þjóðanna.

Vonandi getur þetta haft áhrif einnig til hugarfarsbreytingar hjá mönnum, þeirrar hugarfarsbreytingar, sem fleiri og fleiri þyrstir í. Vér verðum að reyna að veita þessum málum meiri athygli en verið hefir. Vér þurfum, hver einstaklingur, að reyna að temja oss að stinga hendinni í eigin barm og íhuga, hvort ekki megi bæta hugarfarið. Vér þurfum þá að beina athyglinni alveg sérstaklega að þeim verðmætum í lífinu, sem ekki verða ávallt fyrst og fremst metin til peninga.

Þegar mönnum hefir tekist að skapa sér betri lífsskjör en áður og aukin lífsþægindi hættir þeim við að hugsa sem svo: Engu af þessu mun ég nokkur tíma sleppa. Ég mun gæta þess af allri orku, að ekkert af þessu verði frá mér tekið. Ég þarf þess til þess að mér og mínum geti liðið vel. Þetta er hreinræktuð einstaklingshyggja bundin við ytri aðbúð.

Það er mannlegt að hugsa þannig. En getur ekki verið hér að einhverju leyti um hillingar að ræða, eitthvað sem sýnist en *er* ekki? Við þurfum öll þak yfir höfuðið, mat og drykk, klæði og skæði. Allt þetta má oftast kaupa fyrir peninga. En hve mikið þurfum vér umfram þetta? Dómar manna um það verða sennilega nokkuð misjafnir, máske eins margir og mennirnir eru, hver með sínu viðhorfi.

Hvað gerir góður og gætinn maður, ef hann einn góðan veðurdag verður sannfærður um, að tekjur hans hrökkva ekki lengur fyrir því, sem hann hefir hingað til getað veitt sér af þægindum - eða jafnvel nauðsynjum? Hann hugsar ráð sitt og reynir að finna leiðir til þess að minnka kostnaðinn; hvað hann geti minnkað við sig og hvað hann geti jafnvel neitað sér alveg um af því, sem hann hefir vanið sig á. Þetta þurfa þjóðirnar að gera, og margar þjóðir hafa gert það á ýmsan hátt undanfarnin ár. Vér Íslendingar verðum einnig að vera við því búnir. Og ef niðurstaðan yrði svo sú, sem hvergi nærri er ósennileg þótt sumum kunni í fljótu bragði að finnast slíkt fjarstæða, að oss kemur ekki til að líða verr en áður, heldur betur, er ekki mikið að óttast. Þessa reynslu hafa sumar þjóðir fengið nú. Þessvegna eru þær máske opnari fyrir þeirri hugarfarsbreytingu, sem nú er víða rætt um.

Líður mönnum yfirleitt betur nú en t.d. fyrir hálfri öld? Sennilega má fullyrða að þeim fátækustu líði betur. Kemur þar til aukinn skilningur á ýmsu því, sem mannréttindaskráin, er ég minntist á, leggur áherslu á. Mikilvægar umbætur hafa og orðið á hollustuháttum. En ef ég hugsa aftur í tímann koma fram athyglisverðar myndir. Mönnum leið vel fyrir 50 árum, að mörgu leyti betur en nú. Og þá kem ég aftur að hugarfarinu. Það er svo mikill þáttur í vellíðan eða vanlíðan manna, að á því veltur meira en margur gerir sér fulla grein fyrir.

Hinar geysimiklu framfarir um alla tækni hafa, máske af eðlilegum ástæðum, aukið efnishyggju manna. Það getur hjá mörgum skyggt á andlegu hyggjuna, sem að mínum dómi er nauðsynlegri en allt annað. Á þessari efnishyggjuöld hættir sumum við því að leggja svo mikla áherslu á það, sem skapar mönnum vellíðan um allan ytri aðbúnað, að þeir koma ekki auga á það, sem skapar mönnum innri frið og sanna vellíðan. Guðstrúin er stundum talin tilraun þeirra sem betri aðstæður hafa til þess að sefja þá, sem bágara eiga; að reyna að telja þeim trú um, að þeir eigi samt að vera ánægðir með hlutskipti sitt ef þeir aðeins trúa á æðri forsjón. Það kann að vera hægðarleikur að finna dæmi um þetta. Það hefir verið gert á ýmsum tímum. En það er fjarri því að vera rétt almennt. Þeir sem því vildu halda fram þekkja ekki innri sálarfriðinn eða gera of lítið úr honum.

Ef vér gefum oss tíma til þess að íhuga allar þær dásæmdir sem eru allt í kringum okkur, í náttúrunni og í hinum mikla algeimi, þá er það óumflýjanlegt að allar þær tæknilegu framfarir sem mennirnir hafa skapað, verða mjög litlar fyrir sér. Hvað er lífið? Enn hefir engum mann tekist að skapa nýtt líf með tækni þeirri, sem nú þekkist. Lítum á náttúruna. Tökum blómin og grösin og athugum þau. Er það ekki allt betra og fullkomnara en nokkur mennskur maður getur framleitt eða gert sér von um að framleiða. Sama og engu síður verður niðurstaðan ef vér athugum dýrin, þau lægstu, fuglana, spendýrin og sjálfar manneskjurnar. Getur nokkur maður bætt þar nokkuð um? Og hugsum okkur þann hnött sem vér byggjum. Niðurstaðan verður sú sama. Og lítum á himingeiminn. Það sem við áður þekktum af honum er svo stórkostlegt að öll mannleg þekking og allur mannlegur máttur verður næstum að engu. Og nú hefir tæknin skapað svo fullkomnan sjónauka, að vér komumst að raun um að þar fyrir utan er aragrúi af hnöttum og stjörnum, sem vér höfðum enga hugmynd um áður. Og allt er þetta háð svo dásamlegum reglum og samræmi, að vér stöndum agndofa.

Ég á góðan vin, sem er meðal þekktustu vísindamanna heimsins. Hann vann með öðrum að því að finna þá leyndardóma sem felast í næstum óskiljanlegri orku smæstu eindanna, atómanna. Fyrir mörgum árum voru kenningar Einsteins mjög á dagskrá manna á milli. Ég skildi þær ekki, frekar en margir aðrir. Einu sinni beiddi ég þennan vin minn að gera mér þær skiljanlegar. Hann var fús til þess. Eftir skýringar hans sagði ég í einfeldni minni eitthvað á þessa leið: „Mér skilst á þessu, að við þurfum að endurskoða allar fyrri hugmyndir okkar um náttúrulögmálin og alheiminn.“ „Nei, nei, nei,“ sagði hann. „Það dásamlega er það að öll aukin þekking á þessum sviðum er viðbót, sem *staðfestir* fyrri hugmyndir. Hún sýnir okkur að það er svo undursamlegt samræmi í öllu í heiminum og geimnum. Þar er hvergi ósamræmi.“

Hver er höfundur alls þessa. Er það nokkur furða þótt hjá öllum mönnum sé trúarhneigð, sem kemur betur eða verr fram í dagsljósið. Hvað sem menn gera til þess að kæfa þessa hneigð eða beina henni í aðrar áttir, *er hún til* hjá öllum þroskuðum manneskjum.

Mesti boðberi þessarar guðstrúar meðal kristinna manna, hefir fyrir nær 2000 árum sagt ótalmargt, sem heldur fullu gildi enn þann dag í dag. Hann sagði m.a., að *kærleikurinn* væri mestur í heimi. Sáðkorni kærleikans er sáð í brjóst hverrar einustu manneskju. Vér hlúum misjafnlega að þessu sáðkorni. Það er ekki hægt að fá neitt til að vaxa á jörðinni nema með alúð, aðhlyningu og elju manna. Það er þetta sáðkorn kærleikans sem vér öll berum í brjósti, þótt vér gefum því ekki þann gaum sem skyldi, sem á að greiða götuna fyrir þeirri hugarfarsbreytingu sem ég hefi talað um, ef vér temjum oss að hlúa að því og rækta það. Og gleymum því aldrei að það er til, vér eigum það öll í oss, hver einasta manneskja.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég segja dálitla sögu, sem þið munið mörg kannast við.

Það var einu sinni smábóndi, sem átti lítið býli. Hann átti tvo sonu, sem voru fíknir í peninga og skemmtanir, en höfðu lítinn áhuga á því að yrkja land býlisins og voru latir við það. Er faðirinn fann dauða sinn nálgast kallaði hann synina fyrir sig og sagði þeim að hann hefði grafið fjársjóð í jörðu í landi býlisins, en sagði þeim ekki hvar fjársjóðurinn var falinn. En þeir væru vísir um að finna hann ef þeir leituðu vel. Faðirinn dó. Synirnir tóku skóflur og önnur áhöld, því þá langaði mikið í fjársjóðinn. Þeir grófu og byltu um jörðinni, án þess að finna nokkurn fjársjóð og voru óánægðir, héldu að faðir þeirra hefði dregið þá á talar. Þá segir nágranni þeirra við þá: „Nú munið þið fá góða uppskeru eftir að hafa búið jörðina svo vel undir ræktun.“ Þá rann upp fyrir þeim birta. Þarna hafði þeim áskotnast nýr fjársjóður með því að fara að ráðum deyjandi föður síns. Og um leið höfðu þeir kynnst notadrygstu gleðinni í lífinu, vinnugleðinni. Þeir sáðu akurinn, fengu góða uppskeru og undu hag sínum hið besta á litla býlinu, sem þeir höfðu engan áhuga haft fyrir áður. Sá fjársjóður, sem var í huga þeirra er þeir hófu leitina, var ekki eins mikils virði eins og það sem þeir höfðu nú eignast. Þeir áttu þennan fjársjóð en vissu ekki af því fyrr en bending föðursins fékk þá til þess að koma auga á hann. Og hann var allt annar, en sá fjársjóður sem þeir höfðu í huga er þeir hófu leitina.

Ég á enga betri ósk íslensku þjóðinni til handa á þessum fyrsta degi ársins en þá að vér megum bera gæfu til þess að finna sem mest af þeim verðmætum, sem lífið hefir að bjóða umfram gullið sem glóir um of í augum sumra. Þau munu vera nærtækari en marga grunar. Þau er falin í okkur sjálfum. „Leitið og þér munið finna,“ sagði meistarinn frá Nasaret.

Með þessum orðum óska ég öllum þeim sem heyra mál mitt alls góðs á nýbyrjaða árinu, ekki eingöngu líkamlegra gæða heldur engu síður andlegra gæða - og sálarfriðar.